




Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2021-2024

Greinargerð

Fjárhagsáætlunarferlið

Undirbúningur vegna fjárhagsáætlunar 2021-2024 hefur staðið yfir frá því í október sl. sem er um mánuði seinna en undanfarin ár vegna þeirrar miklu óvissu sem ríkt hefur í þróun efnahagsmála. Margar af þeim breytum sem sveitarfélagið byggir sínar áætlanir á komu seinna en vanalega sen skýrir seinkun í fjárhagsáætlanuferlinu hjá sveitarfélaginu. Af þeim sökum var veitti Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sveitarfélögum fresti frá 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 varðandi skil á fjárhagsáætlun og gátu sveitarfélög þannig sótt um frest til 1. desember fyrir fyrri umræðu um fjárhagsáætlun og til 31. desember fyrir síðari umræðu. Sveitarstjórn hefur komið sér upp ákveðnu verklagi við fjárhagsáætlanagerðina í þeim tilgangi að fá sem flesta til þátttöku og gefa öllum tækifæri á að koma með ábendingar og athugasemdir í ferlinu. Í ljósi aðstæðna vegna Covid 19 lá fyrir að samráðið yrði með talsvert öðrum hætti í ár. Eingöngu var um fjarfundi að ræða bæði með forstöðumönnum stofnanna og formönnum nefnda og samráðsfundinn við íbúa. Það var ánægjulegt að sjá hversu margir voru tilbúnir að fylgjast með á þessu nýja fundarformi og eflaust tækifæri til framtíðar sem felst í að blanda því saman við hefðbundna staðfundi. Þátttaka íbúa samfélagsins í gerð fjárhagsáætlunar er mikilvæg þar sem niðurstaða hennar er bindandi fyrir sveitarstjórn þegar kemur að rekstri sveitarfélagsins á næsta ári og er ekki breytt nema með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Áætlunin sem gerð er fyrir 2022-2024 er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar.



Mynd 1 Verkerfi sveitarstjórnar við undirbúning fjárhagsáætlunar



Skaftárhreppur

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og þriggja ára áætlunar 2022-2024

Almennar forsendur líkt og verðlagsbreytingar, útsvar og fasteignamat eru opinberar upplýsingar sem ýmist koma frá Þjóðskrá eða Hagstofunni.

Reiknað er með 2,5 % almennum verðlagsbreytingum 2021 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá Hagsstofu Íslands til 2024. Launabreytingar eru áætlaðar 5,5%. Hækkun útsvars verður um 4,1 % miðað við áætlaða staðgreiðslu tekjuárið 2021. Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun á fasteignamati er 1,2%.

- Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%
- Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%
- Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%
- Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Gjald dagar fasteignagjalda 2021 verða 9.

Unnið er að gagngerum breytingum á gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar sem áætlað er að leggja fram í janúar 2021. Gjaldskrár mótuneytis, tónlistarskóla og leikskóla taki vísitölubreytingu í janúar og júlí líkt og undanfarin ár. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar, hunda- og kattahalds og félagsheimila verða óbreyttar.

Gert er ráð fyrir að gatnagerðargjöld standi að mestu undir kostnaði vegna gatnagerðar á Læknisreit á Kirkjubæjarklaustri.

Þriggja ára áætlun 2022-2024 er uppreiknuð miðað við þjóðhagsspá.

Lykiltölur						
	Rauntölur 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Breyting tekna milli ára.....		(7,1%)	14,0%	3,9%	3,4%	2,8%
Breyting gjalda milli ára.....		(11,6%)	21,6%	3,8%	3,7%	3,7%
Íbúafjöldi 31. desember.....	626	651	651	651	651	651
Rekstrartekjur, þar af.....	695.887	646.480	737.279	766.056	792.245	814.066
Útsvar.....	346.918	315.000	323.592	341.816	357.179	367.895
Fasteignaskattur.....	96.573	103.000	104.757	106.544	108.362	110.210
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	119.047	131.914	151.729	156.281	160.969	165.798
Aðrar tekjur.....	163.423	106.875	279.032	286.007	293.158	300.487
Rekstrargjöld.....	667.623	585.383	719.192	739.458	760.290	781.706
Laun og launatengd gjöld.....	303.496	342.547	403.784	415.897	428.374	441.226
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	527	700	700	700	700	700
Annar rekstrarkostnaður.....	363.601	242.137	314.709	322.860	331.216	339.781
Framlegð (EBITDA).....	28.264	61.097	18.087	26.598	31.955	32.359
Afskriftir.....	23.100	25.473	23.452	31.157	38.675	47.005
EBIT.....	5.164	35.624	(5.366)	(4.559)	(6.720)	(14.645)
Veltufé frá rekstri.....	25.658	59.029	17.732	20.660	21.572	17.008
Handbært fé frá rekstri.....	10.896	61.140	18.843	21.771	22.683	18.119
Afborganir.....	17.332	41.000	10.437	20.099	30.218	36.811
Fjárfestingar.....	113.319	52.485	122.200	144.500	210.000	167.000
Vaxtagreiðslur.....	19.274	6.959	3.871	9.878	14.242	18.836
Fjárbörf ársins (Framlegð - vextir, afborganir og fjárfesting).....	(121.661)	(39.347)	(118.422)	(147.879)	(222.506)	(190.287)

Mynd 2 Lykiltölur úr fjárhagsáætlun

Málaflokkar – viðbætur/breytingar

Óhætt er að segja að væntingar til fjárútláta árið 2021 hafi verið hófstílltari hjá öllum þeim sem komu að gerð fjárhagsáætlunar þetta haustið. Þrátt fyrir það hefur eins og kostur er verið tekið tillit til þeirra beiðna sem komið hafa frá forstöðumönnum stofnanna sveitarfélagsins, nefnda



Skaftárhreppur

sveitarfélagsins. Það var eitt af markmiðum sveitarstjórnar að leitast við að halda uppi því þjónustustigi sem nú er eins og kostur er. Hér eru raktar helstu breytingar málaflokka sem eru í samþykktri áætlun fyrir árið 2021.

Félagsþjónusta

Áfram er gert ráð fyrir styrk til félags eldri borgara að upphæð 150 þúsund vegna ferðar sem félagið stendur árlega fyrir. Afsláttur fasteignagjalda eldri borgara hækkar sem nemur hækkun fasteignagjalda eða um 1,2 %. Fjárhagsaðstoð hækkar lítillega og ekki er gert ráð fyrir styrk til Hjúkrunar- og dvalarheimilisins vegna húsaleigugreiðslna.

Fræðslumál

Mikil hækkun er á framlagi til fræðslumála á árinu 2021 en einnig verða stórar breytingar í mötuneytismálum hjá stofnunum sveitarfélagsins. Vegna umfangs verkefna fræðslunefndar er gert ráð fyrir að nefndarmenn fái greidd tvöföld laun fyrir hvern setin fund. Gert ráð fyrir 300 þús.kr vegna heilsudaga líkt og undanfarin ár

Kærribær

Stöðugildum fjölgar úr 10 í 11 á næsta ári til að koma til móts við þá biðlista sem eru að myndast og vegna styttingu vinnuvikunnar sem tekur gildi frá 1. janúar 2021. Ráðist verður í viðbyggingu við leikskólann en einnig er gert ráð fyrir viðhaldi að upphæð 1 millj.kr næstu þrjú árin.

Kirkjubæjarskóli

Haldið verður áfram að endurnýja borð og stóla fyrir nemendur. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda um 0,7 vegna aukins stuðnings en einnig verður farið í tölvukaup og endurnýjun á spjaldtölvum. Húsnæði skólans er komið á gríðarlegt viðhald bæði innan og utanhúss og gerir viðhaldsáætlun ráð fyrir um 30 millj.kr í ýmis verkefni næstu 10 árin. Endurnýja þarf einnig ýmsan búnað fyrir starfsmenn. Að auki verður farið í endurnýjun á salerni á neðri hæðinni sem hefur þurft að fresta síðustu tvö árin.

Tónlistarskóli

Gert er ráð fyrir hefðbundnum rekstri tónlistarskólans á næsta ári en huga þarf að hljóðvistarmálum þegar ný starfsemi flyst á efri hæð heimavistarálmunnar á næsta ári.

Mötuneyti Skaftárhrepps

Miklar breytingar eru framundan á starfsemi skólamötuneytisins. Mötuneytið mun fara úr því að vera skólamötuneyti í að sjá um að þjónusta allar stofnanir sveitarfélagsins þ.á.m. Klausturhóla og verður því að mötuneyti Skaftárhrepps. Starfsemi verður allan ársins hring með miðlægan lager sem mun senda heitan mat og önnur matvæli til heilsuleikskólans Kærabæjar og Klausturhóla. Öll starfsemi sem nú tilheyrir eldhúsi Klausturhóla flyst því til mötuneytis Skaftárhrepps. Þetta kallar á endurskipulagningu eldhússins í húsnæði skólans ásamt tækjabúnaði og bíl til matarflutninga.

Menningarmál

Bókasafn

Landskerfi bókasafna vinnur að undirbúningi á innleiðingu nýs útlána- og leitarkerfis sem mun taka við af Gegnir. Enn er ekki ljóst hvort og þá hversu mikill kostnaður við þróun og innleiðingu kerfisins verður fyrir sveitarfélögin. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri safnsins á næsta ári.



Skaftárhreppur

Fornleifarannsóknir

Áfram er gert er ráð fyrir stuðningi við sjálfstæðar fornleifarannsóknir að upphæð 500 þús.kr.

Uppskeruhátíð og aðrir styrkir

Uppskeruhátíðin fær 600 þús.kr en einnig er gert ráð 500 þús.kr sem nýst getur í aðra viðburði. Gert er ráð fyrir 300 þús.kr framlagi vegna samstarfs við Mýrdalshrepp um sumar- og vetrarsýningu leikhópsins Lottu líkt og 2020.

Múlakotsskóli

Áætlað er að setja 1 millj.kr. mótframlag í áframhaldandi lagfæringar á Múlakotsskóla vegna styrks úr Húsafriðunarsjóði.

Æskulýðs- og íþróttamál:

Framlög til 17. júní hátíðahalda verða áfram 400 þús. Ekki er gert ráð fyrir íþrótt- og tómstundafulltrúa en keypt verði vinna af starfandi íþróttakennara sem mun sinna ýmsum verkefnum í tímavinnu s.s. íþróttatímar fyrir leikskólann Kærabæ, hjúkrunar- og dvalaheimilið Klausturhóla og fjölbreytta hreyfingu fyrir 60+. Starfsemi félagsmiðstöðvar verður með sama sniði og 2020 ára en þar er áfram gert ráð fyrir opnun fyrir 5. -7. bekk ásamt því að félagsmiðstöðin verður opin að hluta til yfir sumarið. Áfram verður boðið uppá frístundastyrki að upphæð 20 þús. á ári fyrir hvert barn á aldrinum 6-17 ára vegna þátttöku í skipulögðu frístunda-/tómstundastarfi.

Farið verður af stað með uppbyggingu á fjölbreyttri aðstöðu til íþróttaiðkunar en ákveðið hefur verið að setja upp strandblaksvöll í námunda við íþróttamiðstöðina auk þess sem byrjað verður á frísbíggjufelli. Gert er ráð fyrir að sett verði fjármagn í uppbyggingu frísbíggjufvallar næstu þrjú árin og hann verði fullbúin 2023. Unnið er að deiliskipulagi nærsvæðis Kirkjubæjarskóla og Íþróttamiðstöðvarinnar og er þar m.a. til skoðunar frekari uppbygging í tengslum við fjölkskylduvæna útivist og hreyfingu. Á árunum 2022-2024 er stefnt að því að leggja 5 millj.kr til uppbyggingarinnar.

Gert er ráð fyrir að skerða þurfi opnunartíma íþróttamiðstöðvar og sundlaugar yfir vetrartímann en að opnun verði óbreytt frá júní-september.

Brunamál- og almannavarnir:

Slökkviliðið verður áfram með bakvaktir á næsta ári. Unnið verður að uppbyggingu slökkviliðs að öðru leyti í samræmi við samþykka Brunavarnaráætlun sveitarfélagsins.

Skipulags- og byggingamál:

Stærsti kostnaðarliður verkefna í skipulagsmálum verður í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins en framundan er mikil vinna vegna samráðs og auglýsinga. Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag verði orðið að veruleika í byrjun árs 2022. Vegna umfangsmikilla verkefna skipulagsnefndar verða greidd tvöföld laun til nefndarmanna fyrir hverja nefndarsetu.

Umferðar- og samgöngumál

Rekstur og viðhald gatnakerfis verður með svipuðu sniði. Lokið verður við yfirlagningu á Klausturveginum frá hraðahindrun við grunnskólann og uppá Klausturhlað. Sérstök áhersla verður lögð á lagfæringar á veginum milli Leiðólfsfells og Hrossatungna og að ljúka við



Skaftárhreppur

lagfæringu vegarins að Miklafelli í styrkvegaumsóknum 2021. Gert er ráð fyrir fjárfestingu vegna gatnagerðar við Læknisreit á þeim hluta sem lóðum hefur verið úthlutað á.

Umhverfis- og hreinlætismál

Tilraunaverkefni í úrgangsmálum mun ljúka vorið 2021. Nú er unnið að gagngerri endurskoðun á gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar sem lögð verður fram í janúar 2021. Unnin var stöðugreining á flokkun hjá sveitarfélaginu í byrjun desember 2020 sem gefur vísbendingar um að vel hafi tekist til við að bæta flokkun í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að þjónustutekjur vegna sorphirðunnar standi undir þeim kostnaði sem hlýst af verkefninu. Áfram verður gert ráð fyrir umhverfisátaki í dreifbýlinu líkt og undanfarin ár. Áfram verður haldið við undirbúning vegna fráveitumála og uppsetningu hreinsistöðvar í þéttbýli á árinu 2021 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna fráveitumála skiptist á árin 2022-2023.

Atvinnumál

Skaftárhreppur fékk úthlutað 32 millj.kr úr ríkissjóði til atvinnuskapandi aðgerða. Hluti af því fjármagni nýttist árið 2020 en 23 millj.kr munu nýtast til ýmissa verkefni árið 2021.

Framlag til Kirkjubæjarstofu vegna samstarfs um atvinnu- og kynningarfulltrúa verðbætist samræmi við launavísitölu ásamt því að áfram er gert ráð fyrir rekstrarframlagi til stofunnar. Áframhaldandi framlag verður til Kötlu jarðvangs og Náttúrustofu Suðausturlands.

Fjárgirðingar- og landgræðsla:

Gert er ráð fyrir um 200 þús.kr fyrir hverja fjallskiladeild vegna ýmissa verkefna við lagfæringu á girðingum og lögréttum í sveitarfélaginu. Áætlað fjármagn til endurbóta á Skaftárrétt er 1 millj.kr.

Sameiginlegur kostnaður

Engar verulegar breytingar verða á rekstri skrifstofu á næsta ári. Skrifstofa Skaftárhrepps mun í byrjun árs flytja á efri hæð heimavistarálmu grunnskólans og er áætlað að flutningurinn muni kosta um 3 millj.kr.

Framkvæmdaáætlun 2021-2024

Framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins skiptist í gjaldfært viðhald vegna fasteigna í eigu sveitarfélagsins annars vegar og fjárfestingar nýframkvæmda hins vegar. Líkt og áætlun um rekstur málaflokka er framkvæmdaáætlun fyrir árið 2021 bindandi fyrir sveitarstjórn og verður aðeins breytt með gerð viðauka við fjárhagsáætlun. Þriggja ára áætlun er síðan stefnumótandi áætlun sveitarstjórnar og gefur tóninn um þau verkefni sem hefja þarf undirbúning á 2021.


Framkvæmdaáætlunin 2021 verður samtals 166,7 millj. kr. Fjárfestingar 2021-2024 verða að stærstum hluta fjármagnaðar með lántökum en gatnagerðargjöld koma þó að hluta á móti kostnaði við gatnagerð. Verði áætlaðar tekjur hærri en gert er ráð fyrir mun það koma til lækkunar á þeim lántökum sem nú er gert ráð fyrir. Lántökur miðast við lán til 15 ára frá Lánasjóði sveitarfélaga með jöfnum afborgunum og fljótandi óverðtrygðum vöxtum sem miðast við 6 mánaða REIBOR millivexti auk 0,5% álags.



Skaftárhreppur

Skuldahlutfall sveitarfélagsins, sem nú er 36,6 %, verður samkvæmt ofangreindri áætlun í lok árs 2024 um 100% en má hæst vera 150%. samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Mynd 3 Þróun skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs



Skaftárhreppur

Fjárfestingar 2021-2024

Sveitarstjórn leggur upp með metnaðarfulla fjárfestingaráætlun til næstu fjögurra ára. Stærstu verkefni 2021 verður viðbygging leikskólans, uppbygging áhaldahúss og endurbætur á loftræstikerfi grunnskólabyggingar og varmadælu. Gatnagerð á Læknisreit hefst fljótlega á nýju ári vegna þeirra þriggja lóða sem úthlutað hefur verið. Skrifstofa sveitarfélagsins flyst á efri hæð heimavistarálmunnar við grunnskólann ásamt þeirri starfsemi sem nú hýsir Kirkjubæjarstofu. Lagfæra þarf aðstöðu í eldhúsi grunnskólans vegna aukinna umsvifa starfseminnar ásamt fleiru.

Fjárfestingaryfirlit						
Fjárfesting	Ár					
Hluti	Árið 2020	Árið 2021	Árið 2022	Árið 2023	Árið 2024	Samtals
A hluti						
Eignasjóður	31.300	117.200	94.500	160.000	167.000	570.000
Lyftuhús Grunnskóli	8.200	0	0	0	0	8.200
Gólf Sundlaug	1.700	0	0	0	0	1.700
Frisbigolf	400	0	0	0	0	400
Gámasvæði	8.000	0	0	0	0	8.000
Gatnagerð	13.000	20.000	40.000	35.000	15.000	123.000
viðbygging leikskóli	0	20.000	0	0	0	20.000
Áhaldahús	0	40.000	0	0	0	40.000
varmadæla og loftræstik	0	30.000	0	0	0	30.000
Mötuneyti Skaftárhrepps	0	3.000	0	0	0	3.000
Skrifstofa Skaftárhrepps	0	3.000	0	0	0	3.000
Strandblak og frisbigolf	0	1.200	0	0	0	1.200
Áhaldahús tækjakaup	0	0	10.000	0	0	10.000
Gangstéttir	0	0	12.000	12.000	12.000	36.000
viðb. Grunnskóli	0	0	20.000	0	0	20.000
Íþróttaaðstaða	0	0	5.000	5.000	5.000	15.000
Borð og stólar	0	0	2.500	3.000	0	5.500
Áhaldahús 3 ár	0	0	5.000	5.000	5.000	15.000
viðbygging grunnskóli	0	0	0	100.000	100.000	200.000
Slökkvibíll	0	0	0	0	30.000	30.000
A hluti samtals	31.300	117.200	94.500	160.000	167.000	570.000
B hluti						
Fráveita	0	0	50.000	50.000	0	100.000
Fráveita	0	0	50.000	50.000	0	100.000
Félagsslegar íbúðir	0	3.000	0	0	0	3.000
nýtt w c	0	3.000	0	0	0	3.000
Skaftár ljós	21.185	0	0	0	0	21.185
Ljósleiðarakerfi	21.185	0	0	0	0	21.185
B hluti samtals	21.185	3.000	50.000	50.000	0	124.185
Samantekið - A og B hluti	52.485	120.200	144.500	210.000	167.000	694.185

Mynd 4 Fjárfestingaryfirlit 2021 - 2024



Skaftárhreppur

Gjaldfært viðhald

Mikil uppsöfnuð viðhaldsþörf er á húsnæði grunnskólans og er áætlað að hefja vinnu við að taka húsið í gegn að utan í áföngum. Hlutfallslega verður sett mest fjármagn til viðhalds þar á næsta ári. Fresta þurfti mörgum verkefnum sem áætluð voru árið 2020 vegna mikillar óvissu um áhrif Covid 19 á tekjur sveitarfélagsins sem færast munu á milli ára og reynt verður eftir föngum að fara í árið 2021. Leiguíbúðir á Skerjavöllum 3 og 5 þarfnast orðið mikils viðhalds en einnig er gert ráð fyrir fjármagni til viðhalds næstu þrjú árin í leikskólann, félagheimilið Kirkjuhvol og íþróttamiðstöð/sundlaug.

Gjaldfært	Lýsing á verkefni	Upphæð
Kirkjubæjarskóli		30.000.000
	skv. 10 ára viðhaldsáætlun	30.000.000
Kæribær		1.000.000
	viðhaldsáætlun	1.000.000
Íþróttahús		1.500.000
	árlegt viðhald 3 ára plan	1.500.000
Kirkjuhvoll		1.750.000
	3 ára plan málun gólfefni ofl	1.750.000
Klausturhólar 1 og 2		3.000.000
	Utanhúss viðhald þakkantur ofl	2.000.000
	Hurð m/sjálfv. pumpu	1.000.000
Leiguíbúðir ýmiskonar viðh		6.000.000
	3 ára viðhaldsplan	3.000.000
	3 ára viðhaldsplan	3.000.000
Sparkvöllur		300.000
	viðhald ýmiskonar og málun	300.000
Mötuneyti viðhald og breytingar		1.000.000
	málun og viðhald eldhús, kælar og hráeldh.	1.000.000
Samtals gjaldfært		44.550.000

Mynd 5 Viðhaldsverkefni 2021

Rekstrarniðurstaða

Verði langtímaáætlanir að veruleika er útlit fyrir að sveitarfélagið skili rekstrinum í tapi samkvæmt fjögurra ára áætlun 2021-2024. Miklu máli skiptir hversu fljótt ferðaðþjónustan fer af stað hvenær afkoma sveitarfélagsins fer að styrkjast að nýju. Sveiflur í atvinnumálum koma seinna fram í rekstri sveitarfélagsins þar sem útsvarsgreiðslur byggjast á áætlunum fram að uppgjöri einstaklinga til ríkisskattstjóra.




Skaftárhreppur

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2019	Útkomuspá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	413.417	407.691	416.982	436.993	454.174	466.738
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	119.047	131.914	151.729	156.281	160.969	165.798
Aðrar tekjur.....	163.423	106.875	168.568	172.782	177.101	181.529
	695.887	646.480	737.279	766.056	792.245	814.066
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	303.496	342.547	403.784	415.897	428.374	441.226
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	527	700	700	700	700	700
Annar rekstrarkostnaður.....	363.601	242.137	314.709	322.860	331.216	339.781
	667.623	585.383	719.192	739.458	760.290	781.706
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	28.264	61.097	18.087	26.598	31.955	32.359
Afskriftir.....	(23.100)	(25.473)	(23.452)	(31.157)	(38.675)	(47.005)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	5.164	35.624	(5.366)	(4.559)	(6.720)	(14.645)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): ⇐	(7.550)	(7.432)	(6.769)	(15.672)	(24.090)	(33.191)
Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta	(2.386)	28.191	(12.135)	(20.231)	(30.810)	(47.836)
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	(2.386)	28.191	(12.135)	(20.231)	(30.810)	(47.836)

Mynd 6 Rekstrarreikningur 2021-2024

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir taprekstri næstu árin stenst Skaftárhreppur jafnvægisregluna um rekstrarjöfnuð skv. 3. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga sem fjallar um viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Samkvæmt því verða heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Rekstrarjöfnuður / jafnvægisregla



Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri

Kirkjubæjarklaustur 8. desember 2020